

## REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Greiðsla kostnaðar vegna þjónustu tannlækna sem samið hefur verið um skv. IV. kafla laga um sjúkratryggingar og fellur ekki undir þjónustu tannlækna við börn, sbr. 5. gr.*

Greiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands sem hér segir:

1. 100%: Vegna öryrkja og aldraðra sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 8. gr. Auk þeirra vegna andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri, þó með þeim fyrirvara að áður en til fyrstu endurgreiðslu kemur þarf að sækja sérstaklega um hana.
2. 50%: Vegna annarra öryrkja og aldraðra, sbr. þó 8. gr. Sama rétt og aldraðir eiga þeir 60–66 ára sem njóta óskerts ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins.

2. gr.

Orðin „1. og 3.-4. tölul.“ í 8. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2018.

*Velferðarráðuneytinu, 22. ágúst 2018.*

**Svandís Svavarsdóttir**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Guðrún Sigurjónsdóttir.*